50

		kr.	kr.
	Flutt		25,360,00
a.	Laun	1833,30	
b.	Annar kostnaður	175,00	2008,30
5.	Í sjóði 31. marz 1887		18097,36
			= 45,465,66

Athugasemdir:

Eignir landsbankans 31. marz 1887 eru:

1.	Skuldabrjef:		
	a. Fasteignarveðskuldabrjef	305624,56	
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef	32780,83	
	c. Handveðsskuldabrjef	13750,00	
	d. Skuldabrjef bæja- og sveitarfjelaga	6600,00	358755,39
2.	Víxlar		3175,00
3.	Ávísanir		125,00
4.	Í sjóði		18097,36
			= 380,152,75

Landsbankinn hefir fengið úr landssjóði til 31. marz incl. í seðlum		360,000,00
Eign varasjóðs var talin við árslok 1886		7,706,38
Borgaðir vextir áfallnir 1887		9,744,36
Disconto af víxlum og ávísunum $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{3}$ 87		23,72
Provision af lánum $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{3}$ 87		0,83
Eptirstöðvar 31. marz af 10,000 kr. þeim, sem veittar voru með l. $^{18}/_{9}$ 85	2677,46	
	=	380,152,75

Stjórn landsbankans í Reykjavík, í apríl 1887.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

51

Skýrsla

um aukafund amtsráðsins í suðuramtinu 20. október 1886.

Ár 1886 hinn 20. október var fundur haldinn af amtsráðinu í suðuramtinu. Á fundinum voru auk forseta, amtmannsins í suðuramtinu, amtsráðsmennirnir Dr. Grímur Thomsen á Bessastöðum og kaupmaður, varaamtsráðsmaður, Guðmundur Thorgrímsen á Eyrarbakka.

Til umræðu kom á þessum aukafundi beiðni frá sýslunefndinni í Kjósar- og Gullbringusýslu um að fá samþykki og leyfi amtsráðsins í suðuramtinu til þess að mega taka hallærislán, að upphæð 19,700 kr., handa hreppum sýslunnar nema Grindavíkurhreppi og Hafnarhreppi, því þaðan var engin beiðni komin um lán.

Formaður lagði fram skýrslur, sem hann hafði útvegað um bjargræðisástand í sýslunni í haust, og ennfremur skýrslur um, hversu mikið hver hreppur þóttist þurfa að fá að láni til þess að afstýra neyð og hallæri, og einnig útskript úr gjörðabók sýslunefndarinnar af fundi 12. þ. m. (Framh.).

LAUSN FRÁ PRESTSEMBÆTTI.

16. apríl var presti að Hítarnesþingum, sjera Snorra Norðfjörð, veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum sakir ellilasleika.

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um að auglýsingar frá stjórnarráði Íslands 20. ágúst og 24. sept. 1884, 8. ágúst og 14. sept. 1885 og 22. maí 1886 skuli að nokkru leyti úr gildi felldar; undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 16. apríl 1887 (A. nr. 2, bls. 4—5).

Skýrsla 51

um aukafund amtsráðsins í suðuramtinu 20. október 1886.
(Niðurlag).

Amtsráðið ræddi málefni þetta ítarlega og komst að þeirri niðurstöðu, að það sæi sjer ekki fært, að veita samþykki sitt til þess, að sýslunefndin fengi að taka 19,700 króna lán uppá sýslusjóðinn, fyrst og fremst af því, að amtsráðið, eptir því sem því er kunnugt um ástandið í sýslunni, ekki getur álitið að sýslan þurfi sem hallærislán svo mikið lán, sem beðið hefir verið um, og í annan stað af því, að amtsráðið ekki fær sjeð hvernig sýslan fái endurborgað slíkt lán auk áður fengins láns (að upphæð 20,000 kr.), og í þriðja lagi af því, að amtsráðið getur búizt við að aðrar sýslur í suðuramtinu einnig kunni að þurfa að fá hallærislán, en amtsráðinu hinsvegar er kunnugt um, að landssjóður ekki hefir mikið fje nú handbært til hallærislána, og í fjórða lagi af því, að amtsráðið álítur að engin sýsla fyr en í síðustu lög eigi að taka hallærislán, þareð meðal annars vel getur að borið, að hinir einstöku hreppar sýslunnar á sínum tíma ekki geti endurborgað þann part lánsins, sem þeir fá, sem þá verður að jafna á allt sýslufjelagið, og lánið þannig, ef til vill, verður borgað af þeim hreppum, sem ekkert af því hafa fengið.

Amtsráðið vill þar á móti leyfa sjer að benda sýslunefndinni á, að hún sjálf hefir heimild til þess eptir 26. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. lið að leyfa, að hreppsnefndirnar megi leggja á hreppsbúa framyfir þriðjung af útgjalda-upphæð þeirri, er jafnað hefir verið á að meðaltali hin næstu 3 ár á undan, og ef það ekki dugir, að sýslunefndin ennfremur eptir sömu lagagrein, 7. lið, getur veitt hreppsnefndum hinna einstöku hreppa, sem þess æskja, leyfi til þess að taka lán handa hreppunum, og treystir amtsráðið því, að ef sýslunefndin beitir þessu valdi sínu með gætni og framsýni, þá geti sýslunefndin ráðið fram úr þeim vandræðum, sem eru þar fyrir hendi nú.

Forseti bar það upp fyrir amtsráðinu á þessum fundi, að hann eptir samráði við hreppsnefnd Ölveshrepps hefði í sumar látið gera að sæluhúsinu á Kolviðarhóli, sem þótti alveg nauðsynlegt, og hefði sú aðgerð kostað 100 kr. 43 a.

Amtsráðið samþykkti, að forseti mætti borga þessa upphæð úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

Frekara var eigi fyrirtekið. Fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um að útlend fiskiskip hafi leyfi til að flytja feng sinn í land á Íslandi og selja hann þar.** — Útaf fyrirspurn frá utanríkisstjórninni eptir tilmælum enska sendiherrans hjer í bænum viðvíkjandi því, hvort íslenzk lög leyfi enskum fiskimönnum að lenda á Íslandi og selja þar feng sinn, hef jeg í dag svarað utanríkisstjórninni, að eptir verzlunar- og fiskiveiðalögum þeim, 52 17. marz.

11. dag maímán. 1887.

Reykjavík 1887. Prentsmiðja Ísafoldar.